

Ed. 465. Frumvarp til laga [285. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

Úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna falli brott orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1969 er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum áfengi, tóbak, vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi hljóta að koma öðru hverju til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna. M. a. mætti athuga hvort hagræðing væri í því fólgin að taka sérskatta ríkisins á áfengi og tóbaki með tolli í stað þess að reka umfangsmikið verslunarfyrtæki með þessar vörur. Það mál þarfnast ítarlegrar skoðunar.

Hér er gerð tillaga um þá breytingu eina að einkaréttur ríkisins til innflutnings á vindlingapappír og eldspýtum falli niður.

Einkasala á eldspýtum er fyrirbæri sem blómstraði á árunum milli heimsstyrjaldanna, m. a. að tilstuðlan sænska eldspýtnakóningsins Ivars Kreuger sem útvegaði fjárþurfa ríkisstjórnnum lán gegn einokunarleyfi á eldspýtnasölu. Það fór illa fyrir Ivori þessum og dó hann í París árið 1933, og með honum dó hugmyndin um einokun á eldspýtnasölu út á næstu áratugum — nema hér. Á sama tíma og innflutningur og sala á hvers kyns eldfærum öðrum er frjáls búum við enn við einokun á eldspýtnasölu sem leitt hefur til þess að hér eru oft og tíðum eingöngu afleitar eldspýtur til sölu. Sama gildir um vindlingapappír. Engin ástæða er til að einoka innflutning og sölu á svo lítilfjörlegri vörutegund. Því er lagt til að þessi einokun verði nú afnumin.